

Skýrsla Dómaranefndar LH 2008.

Dómaranefnd LH er þannig skipuð formaður Sigrún Ólafsdótti aðrir nefndarmenn Lárus Ástmar Hannesson og Jón Ólafur Guðmundsson. Til vara Sigrún Sigurðardóttir.

Nefndin hélt 4 fundi á árinu og auk þess nokkra símafundi vegna afgreiðslu mála.

Helstu verkefni nefndarinnar voru að gera tillögur til stjórnar LH að fengnum tillögum stjórna dómarafélaganna um dómara til starfa á Landsmóti og Íslandsmóti. Skipa eftirlitsdómara og fara yfir skýrslur eftirlitsdómara. Eftirlitsdómarar voru skipaðir á Landsmót, Íslandsmót fullorðina, Íslandsmót ungrí flokka og einnig á Reykjavíkurmeistaramótið.

Skýrslurnar voru unnar með mismunandi áherslum og mismikið í þær lagt, er ljóst að útbúa þarf vinnureglur fyrir störf og skýrslugerð dómara. Þar sem ekki eru til ítarlegar reglur varðandi störf eftirlitsdómara munum við ekki fjalla um hverja skýrslu fyrir sig. Ljóst er að í nýrri starfslýsingu fyrir eftirlitsdómara þarf að koma skýrt fram til hvers er ætlast af honum og hvaða lágmarks upplýsingar eiga að koma þar fram. *Sjá meðfylgjandi hugmynd.*

Dómaranefnd hefur farið vandlega yfir þá reglugerð sem henni ber að starfa eftir, nefndin telur að endurskoða þurfi reglugerðina. Ljóst er að starfsvið nefndarinnar er ekki í dag það sem gert er ráð fyrir í reglugerðinni. Fer nefndin fram á það við stjórn LH að hún skoði málið og farið verði yfir starfssvið nefndarinnar og tengingu hennar við dómarafélögin. Sjá 2.gr í reglugerð dómaranefndar, 14 g.r í lögum Gæðingadómarafélagsins og samþykktir Íþróttadómarafélagsins. Varðandi námskeið sem haldin eru á vegum dómarafélaganna telur nefndin að betra upplýsingastreyni þurfi að vera á milli dómarafélaganna og nefndarinnar samkvæmt 2.gr. 3. Málsgrein reglugerðar fyrir dómaranefnd.

Á formannafundi s.l haust kom fram að skerpa þurfi á og endurskoða starfsvettvang nefndarinnar-tilgangur hennar sé að halda utan um grunnreglur varðandi prófgráður og lágmarks undirbúning fyrir dómarapróf. Þetta talið brýnt verkefni.

Dómaranefndin telur nauðsynlegt að gerðar verði ýmsar breytingar varðandi skipulag, verkefni og samstarf LH og dómarafélaganna.

1. Endurskoða þarf reglugerð dómaranefndar, skilgreina betur hvert hennar verksvið eigi að vera og ná sátt um starfið og tengingar hennar við dómarafélögin. Á síðasta formannafundi kom skýrt fram að vilji er til að þessi nefnd starfi. Eins og staðan er í dag þá er að hluta til unnið eftir reglugerðinni en að hluta til er hún hunsuð og ekki eftir henni farið.
2. Nefndarmenn telja eðlilegt að nefndin komi að menntamálum dómara bæði hvað varðar nýdómara og endurmenntun, þó eingöngu eftirliti og skipulagningu. Fræðslan, prófagerð og útskrift verði í höndum aðila sem til þess eru valdir af dómarafélagunum og dómaranefnd. Nefndin telur æskilegt að á hverju hausti verði haldin dómararáðstefna þar sem dómara beri saman bækur sínar eftir störf sumarsins og ræði þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni. Endurmenntunarnámskeiðum þarf að vera lokið fyrir 1 ferbúar ár hvert og hestamannafélögin þurfa að hafa skilað inn umsóknum um dómara fyrir þann tíma. Úthlutunum dómara á lögleg mót þarf svo að vera lokið fyrir 1 mars.

3. Afar brýnt er að koma á samræmdum reglum um úthlutun dómara á mót. Þar telur nefndin að úthluta eigi dómurum á mót og einungis þannig séu mótin lögleg saman ber aðrar íþróttagreinar.
4. Nefndin telur að áfram eigi að tilnefna eftirlitsdómara á stærri mót, en gera þarf nánari starfslýsingu og skýran ramma þarf að gera í kringum starfið. Tryggja þarf fjármagn í starfið. Mikilvægt er að vinnuferlið varðandi skýrslur eftirlitsdómara sé í föstum skorðum og fyllsta trúnaði sé gætt við meðhöndlun og samskipti við skrifstofu.

Dómaranefnd LH þakkar samstarfsfólki sínu gott samstarf á liðnu ári.

F.h dómaranefndar.

Sigrún Ólafsdóttir